

## Skrá 36. Rúm og sængurfatnaður

### ÞJÓÐHÁTTASKRÁNING ÞJÓÐMINJASAFNSINS

Nóvember 1977

#### Inngangur

Ævi mannsins frá vöggu til grafar er ekki að litlu leyti bundin við svefnstað hans, rúmið og búnað þess. Hér er flotað fyrstu spurningaskrá um það efni. Hýbýlahættir hafa tekið miklum breytingum á þessari öld. Í sveitum hafa sameiginleg svefnhús heimila, baðstofur, horfið og í stað þeirra komið fleiri eða færri svefnherbergi og setustofur. Innbý heimila hefur sætt svipuðum breytingum og rúm gamallar gerðar gerast nú sjaldgæf. Í upphafi þessarar aldar var rúmfatnaður víða til mikilla muna heimaunnin, nú hittast vart heimili með heimaofnum teppum eða ábreiðum á rúmum. Hliðstæðar breytingar hafa að mörgu leyti gerst á kaupstaðarheimilum.

Enn meiri breytingar hafa orðið á lífi og kjörum fólks ef horft er lengra aftur. Fyrir fremur fáum árum var hægt að hitta fólk, sem mundi til þess að yfirsængur þekktust vart í rúmum og var í snertingu við rúm með torfbálkum. Þó nokkuð margir núlifandi Íslendingar hafa raunar sofið í slíkum rúmbálkum í sjóbúðum, svo þetta er ekki heldur ýkja langt undan. Það er von þjóðháttskráningar að enn sé hægt að safna verulegu miklum fróðleik um þetta efni svo fram komi sémilegt heimildasafn fyrir landið allt.

#### Orð og merking orða

Er orðið rúm í merkingunni svefnstaður eða sængurstaður einna helst bundið við uppþúið rúm, þ.e. rúm með öllum sængurfatnaði? Hefur orðið rekkja einna helst verið notað í samsettum orðum (rekkjunautur, rekkjufélagi, rekkjutjald o.s.frv.)?

Er orðið rúmstæði notað um rúm án sængurfatnaðar? Hefur það verið notað um staðinn, sem rúmið stendur á (sængurstaðinn)? Hafa sérstök orð verið notuð um óvönduð eða léleg rúm (rúmbæli, rúmplet t.d.)? Var orðið rúmbálkur einna helst notað um hart eða óþægilegt rúm? Hefur orðið beður eða rúmbeður yfirleitt ekki verið notað í mæltu máli? Hefur orðið flatsæng aðeins verið notað um það, er manni var búinn svefnstaður á gólfi? Hefur orðið sæng annars í seinni tíð ekki verið notað um svefnstaðinn sjálfan nema t.d. í sérmerkingum eins og sængurkona og að leggjast á sæng?

Á hvern hátt er orðið skör tengt rúmi? Nefndist gólfborðið framan við rúmið því nafni?

#### Rúm í baðstofu

Var algengt að miða lengd baðstofu við það, hve mörg rúm gátu staðið í henni við hliðvegg (tveggja rúma lengd, þriggja rúma lengd o.s.frv.)? Lýsið hversu rúm voru hluti af innsmíði baðstofu (fastarúm). Var algengt að stafir frá gólfi upp í sperru (innstafir) mörkuðu skil milli rúma? Var orðið stafgólf almennt notað um bilið milli stafa og þar með rúmlengdina? Var miðað við nokkurn veginn fasta lengd stafgólfs og þar með rúmstæðis? Hafa menn heyrt talað um það að ákveðið mál á meðalmanni væri hæfileg rúmlengd (t.d. faðmur á þumalfingursgóma)? Var að jafnaði miðað við hæfilega rúmbreidd t.d. að rúm væri tveggja manna rúm? Var venju fremur mjótt rúm nefnt nokkuð í niðrunarskyni (þrjónastokkur t.d.)? Hvað nefndust einstakir hlutar rúmstæðis (höfðagafl, fótagafl, rúmstokkur, rúmbrík, stafir, stuðlar, marar, rúmbotn o.s.frv.)? Lýsið milligerðum milli rúma. Var ekki ótítt að þær næðu upp í súð svo rúmin urðu nokkurskonar lokrekkjur?

Voru dæmi þess að rúmbríkur væru útskornar (gestarúm, hjónarúm t.d.)? Gegndu innstafir milli rúma ákveðnu hlutverki í sambandi við störf fólks, t.d. hrosshárvinnu, eltingu skinna, til að festa við ljósfæri eða annað?

Lýsið rúmum í baðstofu, sem ekki var gerð upp með innstöfum. Voru þau rúm að öðru eins en

því, sem viðkom rúmstólpum eða stuðlum? Var algengt að nota rúmstuðla í stað kertastjaka eða til hjálpar við vinnu, t.d. til að festa við hesputré?

Var algengt að þverrúm, eitt eða tvö, væru fyrir gafla á baðstofu, ef svo hagaði til um lengd hússins?

Var talað um fastarúm og lausarúm og þá miðað við að hvert einstakt rúm stæði laust á gólfi? Útrýmdu lausarúm fastarúmum á lokaskeiði sveitabaðstofunnar? Voru þau rúm heimasníðuð eða aðfengin?

Um ýmsar viðartegundir var að ræða til að smíða rúm úr. Lýsið því. Var sérstaklega gætt að því að nota ekki selju (blóðselju eða hvítaselju) til smíða í rúm?

### **Rúm í hjónahúsi og gestastofu**

Segið frá því, sem greindi hjónarúm og gestarúm í hjónahúsi eða gestastofu frá baðstofurúmum. Voru þau rúm stundum hluti af innsníði hússins og þá e.t.v. sem nokkurskonar lokrekkja? Þekktust rúm, sem hægt var að draga í sundur, ýmist til að breikka eða lengja? Vita menn, hvenær þau komu fyrst í notkun? Gat stofurúm gengt hlutverki rúms og setubekks (slagbekkur)? Var vandað meir til smíði á hjónarúmum og gestarúmum en til smíði á öðrum rúmum? Var oft leitað til lærðra smíða (snikkara) er smíða skyldi slík rúm? Fylgdust oft að smíði á herbergi og rúmi? Viti menn, hvenær svefnsóffar (fjaðradívanar) taka að ryðja sér til rúms í stofum á sveitaheimilum?

Er enn sofið í rúmum af gamalli gerð?

### **Rúmbotn**

Hafa menn sagnir af rúmbálkum hlöðnum úr torfi í baðstofum eða svefnhúsum fyrri tíða? Lýsið rúmbotni í baðstofurúmum. Þekktist það að torf væri neðst í rúmbotni, ofan á fjöllum? Var um mismunandi efni að ræða til að leggja í rúmbotn til mýkinda, undir undirsæng (skógarlim, hrís, heflispæni, hey t.d.)? Tók þetta nafn af notum (rúmhey, rúmhiroði, rúmruddi t.d.)? Voru dæmi þess að gripið væri til þessa undirlags til að gefa skepnum í harðindum? Var árlega skipt um þetta undirlag? Hvenær? Hvað var breitt ofan á þetta undirlag í rúmi? Hvenær var byrjað á því að hafa heydínur í rúmum (í striga eða á annan hátt)? Voru gerðar sérstakar rúmdínur úr búkhári dýra, jafnvel hrosshári, ull eða öðrum efnum?

### **Sængur og koddar**

Hafa menn sagnir frá þeim tíma, er efni eins og fifa eða mosi (dýjamosi t.d.) voru notuð í einhverju mæli í sængur eða koddar?

Segið frá fiðuröflun og fiðurkaupum til sængurfatnaðar, verði og vöruskiptum og öðru, sem efnið varðar. Af hvaða fuglategundum fékkst einkum fiður til sængurfatnaðar? Voru fuglsfjaðrir notaðar með fiðri til sængurfatnaðar (fanir rifnar niður)? Segið frá hreinsun og verkun fiðurs (fýlafíðurs t.d.) til sængurfatnaðar.

Var völ á dúni til sængurfatnaðar, heimaþengnum eða aðkeyptum? Segið frá verði og kaupum. Hvað þótti hæfileg þyngd af fiðri í undirsæng? Hvað þótti hæfilegt í yfirsæng? Hvað þótti hæfileg þyngd af dúni í yfirsæng? Var boldang notað í undirsængur? Var völ á nægu fiðurheldu lérepti til sængurfatnaðar? Voru dæmi þess að fiðurheldt efni væri ofið heima úr útlendum tvisti? Var stundum gripið til þess að bera sundmagalím á lérept til að gera það fiðurheldt?

Vita menn til þess að eltiskinn hafi stundum verið notað utan um koddar og svæfla? Var yfirleitt gerður greinamunur á koddum og svæflum eftir stærð?

Vita menn hvenær sú breyting varð á að sjálfsagt þótti að undirsæng og yfirsæng væri í hverju rúmi?

Segið frá endingu og hirðingu fiðurs og dúns í sængum og koddum.

Hvenær lagðist það almennt niður að nota undirsængur (fiðursængur) í rúmum og taka upp dínur (stangaðar dínur, fjaðradínur o.s.frv.) í þeirra stað?

### **Rúmföt**

Hvaða orð voru notuð um einstaka hluta rúmfata (rekkjuvoð, rekkvoð, lak, sængurver, koddaver o.s.frv.)? Var orðið rekkvoð (rekkjuvoð) einkum bundið við heimaofna voð, sem menn höfðu undir sér og yfir í rúmi, e.t.v. án yfirsængur? Voru rekkvoðir ofnar úr heimaunnum þræði að uppistöðu og ívafi eða aðeins að ívafi (fyrirvafi)? Lýsið vefnaði (vaðmálsvend, einskefta t.d.). Hafa slíkar heimaunnar rekkvoðir (rekkjuvoðir) haldist til skamms tíma?

Var ofið heima efni í sængurver og koddaver? Lýsið því. Var algengt að ungar stúlkur saumuðu sér í búið vönduð sængurver og koddaver með milliverki og blúndum t.d.? Saumuðu þær sér með sama hætti í barnarúm eða vöggu? Áttu flest heimili rúmföt, sem einna helst var gripið til ef næturgest bar að garði (í gestarúmið)?

Muna menn til þess, er heimaofin brekán eða teppi voru almenn á rúmum? Urðu salúnsofin teppi á tímabili allsráðandi, sem ábreiður á rúmum? Muna menn til þess að glitofin teppi hafi verið breidd yfir rúm?

### **Rekkjutjöld, sparklök**

Muna menn til þess að heimaofin eða aðkeypt tjöld eða reflar hafi verið fyrir einstökum, vönduðum rúmum t.d. í stofu eða svefnherbergi? Hvernig var frá þeim gengið? Voru slík tjöld e.t.v. fest upp á heimagerðum hringjum úr beini eða tré? Lýsið þessu ef tók eru á.

### **Uppbúið rúm o.fl.**

Var það ákveðinn metnaður einstaklinga, vinnukvenna t.d. að eiga í rúmið sitt eða eiga uppbúið rúm og þá jafnframt til skiptanna á rúm?

Var algengt að geyma í rúminu ýmsa einkahluti, undir kodda eða sæng (föt, bækur, jafnvel kistla eða smáhirslur)? Var varúð viðhöfð í því að hafa aldrei sokka undir kodda? Var algengt að þurrka ýmis plögg í rúmi við líkamshitann (sokka t.d.)?

Hvað nefndist verkið við að ganga frá rúmum eftir fótaferð (að breiða yfir rúm t.d.)? Hve oft var búið um rúm (vikulega eða oftar)? Þekktist sá siður að signa (krossa) yfir rúm, er lokið var við að breiða yfir þau eða búa um þau?

Hve oft á ári var að jafnaði viðrað út úr rúmum? Var viss varúð viðhöfð í því að gera það t.d. ekki, er menn voru á sjó?

### **Rúmfjalir**

Fylgdi rúmfjöl hverju rúmi í baðstofu? Var rætt um ákveðið notagildi þess að hafa rúmfjöl við stökk að nóttu? Var algengt að rúmfjalir væru skreyttar útskurði eða með fangamarki eiganda? Kunna menn að segja frá tréskerum, sem skreyttu rúmfjalir fyrir e.t.v. heil byggðalög? Muna menn til áletrana á horfnum rúmfjöllum? Er hægt að tilfæra dæmi um eyðingu einstakra rúmfjala eða hvernig þær voru e.t.v. teknar til annarra nota, er hætt var að hafa þær við rúm? Höfðu rúmfjalir víðtækara notagildi en merking orðsins rúmfjöl ein gefur til kynna (t.d. til að vefja á nýofnar voðir, nota sem hnéborð við spil, nota til að renna sér á á fönnum o.s.frv.)? Var ótrú höfð á því að setja rúmfjöl fram við stökk að degi til og þá hversvegna? Hvenær lagðist það af að nota rúmfjalir?

### **Koppur, næturgagn**

Þótti sjálfsagt að koppur eða næturgagn fylgdi hverju rúmi? Undir hvaða nafni gekk þessi búshlutur (hlandkolla, hlandkoppur, næturgagn, náttpottur, sturli, o.s.frv.)? Muna menn eftir heimagerðum trékoppum? Greinið frá hirðingu þeirra og geymslu að degi. Voru trékoppar

marktækir í veðurspám? Vita menn dæmi þess að hlandsteinn úr köppum hafi verið notaður til lækninga og þá hvernig? Hvenær lagðist það almennt niður að nota trékoppa?